

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka 20 mg/12,5 mg töflur

enalapril maletat og hydrochlorthiazid

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafraeðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafraeðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka
3. Hvernig nota á Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka og við hverju það er notað

Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka er samsetning lyfjanna enalapril maleats og hydrochlorthiazids. Enalapril maleat er svokallaður ACE-hemill (angítótensín breytiensímhemill) og verkar með því að víkka blóðæðarnar, sem auðveldar hjartanu að dæla blóði um líkamann. Hydrochlorthiazid er þvagræsandi lyf, sem verkar með því að auka magn vatns og salta sem losuð eru út um nýrun. Samsetning enalaprils og hydrochlorthiazids lækkar blóðþrýstinginn.

Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka er notað til að meðhöndla háan blóðþrýsting sem ekki næst fullnægjandi stjórn á með einu lyfi.

2. Áður en byrjað er að nota Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Ekki má nota Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir enalapril maleati, hydrochlorthiazidi eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- ef þú hefur áður verið meðhöndlaður með ACE-hemlum og hefur fengið ofnæmisviðbrögð með bólgu í andliti, vörum og/eða tungu eða hálsi ásamt erfiðleikum með að kyngja eða anda.
- ef þú ert með arfgengar eða óútskýrðar bólgur vegna ofnæmis.
- ef þú ert með ofnæmi fyrir súlfónamíðum (ákveðin sýklalyf).
- ef þú ert með mikið skerta nýrnastarfsemi.
- ef þú hefur ekki þvaglát.
- ef þú ert með alvarlegan nýrnasjúkdóm.
- ef þú ert með barn á brjósti.
- ef þú ert þunguð og ert komin meira en 3 mánuði á leið (einnig er betra að forðast Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka á fyrstu 3 mánuðum meðgöngu – sjá kafla um meðgöngu).
- ef þú ert með sykursýki eða skerta nýrnastarfsemi og ert á meðferð með blóðþrýstingslækkandi lyfi sem inniheldur aliskiren.
- ef þú hefur notað eða notar sacubitril/valsartan, lyf notað til að meðhöndla langvinna (viðvarandi) hjartabilun hjá fullorðnum, þar sem aukin hætta er á ofnæmisbjúg (skyndileg bólga

undir húð á svæðum eins og hálsi).

Ef eitthvað af framangreindu á við um þig, hafðu þá samband við lækinn.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka er notað

- ef þú ert með lágan blóðþrýsting eða truflun á salta- og vökvajafnvægi.
- ef þú ert með hjartakvilla sem kallast „ósæðarþrengsli“, „ofvaxtarhjärtavöðvakvilli“ eða „hindrun á útflæði“.
- ef þú ert með nýrnvandamál.
- ef þú ert í himnuskilun eða hefur nýlega fengið ígrætt nýra.
- ef þú ert með lifrарvandamál.
- ef þú þarft að gangast undir svæfingu (einnig hjá tannlækni) eða aðgerð.
- ef þú ert með sykursýki.
- ef þú ert með þvagsýrugigt.
- ef þú ert í meðferð til að minnka ofnæmi fyrir stungum býflugna eða geitunga (afnæmingarmeðferð).
- ef þú ferð í LDL-blóðhreinun (kólesteról fjarlægt úr blóðinu með vél).
- ef þú notar lyf sem auka þvagsmagn (þvagræsilyf).
- ef þú ert í meðferð við alvarlegum bandvefssjúkdómi sem kallast rauðir úlfar (systemic lupus erythematosus). Hann getur versnað eða virkjast þegar þú notar thiazid samhliða.
- ef lækinn hefur sagt þér að þú hafir óþol fyrir sumum gerðum sykurs.
- ef þú notar lithium, notað við meðferð sumra geðsjúkdóma.
- ef þú færð húðkrabbamein eða óvænta húðskemmd á meðan á meðferð stendur. Meðferð með hydrochlorthiazidi, einkum við langtíma notkun stórra skammta, getur aukið hættu á sumum gerðum af húð- eða varakrabbameini (húðkrabbamein sem ekki er sortuæxli). Þú skalt vernda húðina gegn sólarljósi og UV geislum á meðan þú notar Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka.
- ef þú hefur einhvern tíma áður tekið hydrochlorothiazid og fundið fyrir öndunar- eða lungnavandamálum (þ.m.t. bólgu eða vökvásöfnun í lungum). Ef mikil mæði eða öndunarerfiðleikar koma fram eftir töku Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka á að leita lækniástoðar tafarlaust.
- ef þú finnur fyrir sjónskerðingu eða augnverk. Þetta gætu verið einkenni vökvásöfnunar í æðu (choroidal effusion) eða aukins þrýstings í auganu og getur komið fram innan nokkurra tíma (klukkustunda) eða nokkurra vikna frá töku Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka. Ef þetta er ekki meðhöndlað getur það leitt til varanlegrar sjónskerðingar. Auknar líkur eru á þessari aukaverkun ef þú hefur sögu um ofnæmi fyrir penicillini eða sulfonamídi.
- ef þú notar eitthvert af eftirfarandi lyfjum er aukin hættu á ofnæmisþjúg (skyndilegri bólgu undir húðinni á svæðum eins og hálsinum):
 - racecadotril, lyf notað til að meðhöndla niðurgang.
 - temsirolimus, sirolimus, everolimus og önnur lyf sem tilheyra flokki mTOR-hemla (notuð til að koma í veg fyrir höfnun ígræðra líffæra).
 - vildaglíptin, lyf notað til að meðhöndla sykursýki.
- ef þú notar eitthvert af eftirtöldum lyfjum sem notuð eru til að meðhöndla háan blóðþrýsting:
 - angíótensín II blokka (einnig þekkt sem sartan lyf – t.d. valsartan, telmisartan, irbesartan), sérstaklega ef þú ert með nýrnakvilla sem tengist sykursýki.
 - aliskiren.

Lækinn getur gert reglulegar mælingar á nýrnastarfsemi, blóðþrýstingi og magni elektrólýta (t.d. kalíummagni) í blóði.

Sjá einnig upplýsingar undir fyrirsögninni „Ekki má nota Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka“.

Láttu lækinn vita ef þú heldur að þú sért (eða gætir orðið) þunguð. Notkun Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka er ekki ráðlögð í upphafi meðgöngu og það má ekki nota lyfið eftir þriðja mánuð meðgöngu, þar sem það getur valdið barninu alvarlegum skaða (sjá kafla um meðgöngu).

Einstaklingar sem eru svartir á hörund eru líklegri til að fá ofnæmisviðbrögð með bólgu í andliti, vörum, tungu og/eða hálsi ásamt erfiðleikum með að kyngja eða anda af völdum Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka, en einstaklingar sem ekki eru svartir á hörund.

Láttu lækninn alltaf vita að þú notir Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka ef þú átt að fara í blóðpróf eða taka þvagprufu.

Láttu lækninn alltaf vita ef þú hefur fengið meðhöndlun við einhverjum af framangreindum sjúkdómum.

Notkun annarra lyfja samhliða Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð, einnig þau sem fengin eru án lyfseðils. Eftirfarandi lyf geta haft áhrif á það hvernig Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka verkar. Láttu lækninn eða lyfjafræðing vita ef þú notar:

- önnur lyf til meðferðar við háum blóðþrýstingi.
- kalíumuppbót (þ.m.t. saltlíki), kalíumsparandi þvagræsilyf (eins og spironolacton, amilorid) og önnur lyf sem geta aukið kalíum í blóðinu (eins og heparin, lyf notað til blóðþynningar til að koma í veg fyrir blóðtappa; trimethoprim og co-trimoxazol, einnig þekkt sem trimetoprim/sulfametoxazol, við sýkingum af völdum baktería; ciclosporin, ónæmisbælandi lyf notað til að koma í veg fyrir höfnun ígrædds líffæris).
- verkjalyf og bólgueyðandi lyf (NSAID lyf eins og ibuprofen, diclofenac).
- lyf til meðferðar við þunglyndi (eins og lithium, þríhringlaga þunglyndislyf og geðrofslyf).
- lyf sem auka þvagmagn (þvagræsilyf).
- lyf sem lækka gildi kólesteróls (colestyramin eða colestipol resín).
- lyf sem hamla æxlisvöxt (frumuhemjandi lyf eins og cyclophosphamid, methotrexat).
- lyf við ákveðnum kvillum eins og gigt, liðagigt, ofnæmi, astma eða ákveðnum blóðsjúkdómum (barksterar).
- lyf notuð til meðferðar á óeðlilegum hjartslætti (procainamid, amiodaron eða sotalol).
- lyf við hjartsláttartruflunum (digitalis).
- lyf sem notuð eru í sum hósta- eða kvefmeðul (adrenhermandi lyf) eða noradrenalin og adrenalin notuð við lágum blóðþrýstingi, losti, hjartabilun, astma eða ofnæmi. Ef þau eru notuð ásamt Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka geta þessi lyf haldið blóðþrýstingnum háum.
- lyf til meðferðar við sykursýki, eins og insúlín. Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka getur valdið því að blóðsykursgildi lækkar enn frekar ef þú tekur það með sykursýkislyfjum.
- vöðvaslakandi lyf (eins og tubocurarin notað við svæfingar).
- gull til inndælingar til meðferðar við liðagigt (natríum aurothiomalat).
- lyf sem oftast eru notuð til að koma í veg fyrir höfnun ígrædds líffæris (sirolimus, everolimus og önnur lyf sem tilheyra flokki mTOR-hemla). Sjá kaflann „Varnaðarorð og varúðarreglur“.

Læknirinn gæti þurft að breyta skammtinum og/eða gera aðrar ráðstafanir:

- ef þú notar angíótensín II blokka (ARB) eða aliskiren (sjá einnig upplýsingar undir „Ekki má nota Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka“ og „Varnaðarorð og varúðarreglur“).

Notkun Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka með mat eða drykk

Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka má taka með mat og drykk. Þú skalt forðast notkun áfengis á meðan þú notar Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka, þar sem þú gætir fundið fyrir sundli eða svima, einkum þegar staðið er upp. Ef þetta kemur fyrir skaltu forðast neyslu áfengis.

Meðganga og brjóstgjöf

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Meðganga

Þú verður að láta lækninn vita ef þú heldur að þú sért (eða gætir orðið) þunguð. Venjulega mun læknirinn ráðleggja þér að hætta notkun Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka áður en þú verður þunguð eða um leið og þú veist að þú ert þunguð, og ráðleggja þér að nota annað lyf í stað Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka. Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka er ekki ráðlagt á meðgöngu og ekki má

nota það eftir 3 mánaða meðgöngu, því það getur valdið barninu alvarlegum skaða ef það er notað eftir þriðja mánuð meðgöngu.

Brjóstagjöf

Láttu lækninn vita ef þú ert með barn á brjósti eða ert að hefja brjóstagjöf. Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka er ekki ráðlagt fyrir mæður með barn á brjósti. Læknirinn gæti ávísað annarri meðferð fyrir þig ef þú vilt hafa barnið á brjósti, sérstaklega ef barnið er nýburi eða fyrirburi.

Akstur og notkun véla

Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka hefur ekki áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla. Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka getur valdið sundli eða þreytu hjá sumum einstaklingum. Ekki aka eða stjórna vélum fyrr en þú veist hvaða áhrif Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka hefur á þig.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka inniheldur mjólkursykur (laktósa) og natríum

Ef óþol fyrir sykrum hefur verið staðfest skal hafa samband við lækninn áður en lyfið er tekið inn. Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríumi í hverri töflu, þ.e. er sem næst natríumlaust.

3. Hvernig nota á Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka

Notið lyfið alltaf eins og læknirinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Skammtur

Fullorðnir

Ráðlagður skammtur er 1 tafla einu sinni á dag. Skammtinn má auka í 2 töflur einu sinni á dag, ef læknirinn telur þörf á.

Ef þú notar þvagræsilyf verður þú að hætta að taka þau 2 til 3 dögum áður en þú byrjar að taka Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka. Leitið ráða hjá læknum.

Skert nýrnastarfsemi

Læknirinn mun ákveða skammtinn út frá nýrnastarfsemi.

Ef tekinn er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið tekinn, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Algengustu einkenni ofskömmunar eru: svimi eða sundl vegna skyndilegrar lækkunar á blóðþrýstingi og/eða mikill þorsti vegna mikilla þvagláta og vökvataps.

Ef gleymist að taka Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka. Taktu næsta skammt á venjulegum tíma.

Ef hætt er að nota Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka

Það er mikilvægt að halda áfram að nota Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka eins lengi og læknirinn hefur ráðlagt. Aðeins skal hætta meðferð ef læknirinn hefur ráðlagt það.

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Mjög algengar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum):

- þokusýn, sundl, hósti, ógleði, þróttleysi.

Algengar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum):

- lágur blóðþrýstingur, brjóstverkur (hjartaöng), breytingar á hjartaslætti, hraður hjartsláttur.
- höfuðverkur, þunglyndi, yfirlið, breyting á bragðskyni.
- mæði.
- niðurgangur, magaverkur.
- útbrot, ofnæmi/ofnæmisjúgur: tilkynnt hefur verið um bólgu í andliti, útlimum, vörum, tungu, koki og/eða hálsi.
- vöðvakrampar.
- þreyta.
- lækkað gildi kalíums í blóði, hækkað gildi kólesteróls, hækkað gildi þríglýseríða, hækkað gildi þvagsýru í blóði.
- hækkað gildi kalíums í blóði, hækkað gildi kreatíníns í blóði (hvoru tveggja greinist venjulega í blóðprófum).

Sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum):

- blóðleysi.
- tilfinning um aukna skynjun eða skynjun líkri náladofa (vegna lágs blóðsykursgildis), lágt gildi magnesíums í blóði, þvagsýrugigt.
- ringlun, syfja, erfiðleikar með svefn, taugaóstyrkur, náladofi, tilfinning um að hringsnúast (svimi), minnkuð kynhvöt.
- sónn í eyrum (eyrnasuð).
- andlitsroði, óreglulegur hjartsláttur (hjartsláttarónot), hjartaáfall eða slag (hjá sjúklingum í áhættuhópi).
- nefrennsli, særindi í hálsi eða hæsi, erfiðleikar með öndun eða astmi.
- teppa í þörmum (garnastífla), brisbólga, uppköst, meltingartruflanir, hægðatregða, tilfinning um að geta ekki borðað nóg (lystarleysi), erting í maga, munnþurrkur, vindgangur.
- óhófleg svitamyndun, kláði, ofsakláði, hárlos.
- liðverkir.
- minnkuð nýrnastarfsemi, nýrnabilun, prótein í þvagi.
- getuleysi.
- óþægindi, hár hiti.
- hækkað gildi þvagefnis í blóði og lækkað gildi natríums í blóði (greinist yfirleitt í blóðprófum).

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum)

- minnkaður fjöldi hvíttra blóðfrumna, rauðra blóðfrumna, blóðflagna, minnkuð starfsemi beinmergs (sést í blóðprófum).
- hækkað blóðsykursgildi.
- óeðlilegir draumar, svefnvandamál.
- bólgur eitlar, sjálfnæmissjúkdómar (þegar líkaminn ræðst á sjálfan sig), léleg blóðrás í fingrum og tám sem veldur roða og verk (Raynauds heilkenni).
- vökvi í lungum, nefrennsli eða stífla í nefi, eósínfíl lungnabólga (einkenni geta verið hósti, hár hiti og öndunarerfiðleikar).
- bólga eða sár í munni, sýking eða verkur og bólga í tungu.
- nýrnavandamál, eins og verkur neðarlega í baki og minnkað þvagmagn.
- lifrabilun eða lifrabólga, sem getur valdið gulnun á húð (gula).
- mikill roði í húð, útbrot með blöðrum og bólgu í húð, einkum á höndum og fótum, í munni eða í kringum munn ásamt hita (Stevens-Johnson heilkenni), skinnflögnun.
- brjóstamyndun hjá körlum.
- aukning á lifrarensmum eða bilirúbíni í blóðinu (greinist yfirleitt í blóðprófum).

Aukaverkanir sem koma örsjaldan fyrir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10.000 einstaklingum)

- hækkað gildi kalsíums í blóði.
- „ofnæmisbjúgur“ í þörmum. Einkenni eru m.a. kviðverkur, ógleði og uppköst. Hækkað gildi kalsíums í blóði.
- útbrot með blöðrum og bólgu í húð, einkum á höndum og fótum, í munni eða í kringum munn ásamt hita (Stevens-Johnson heilkenni).
- brátt andnauðarheilkenni (einkenni eru m.a. mæði, hiti, slappleiki og rugl).

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum)

- lækkað gildi natríums (salts) í blóði (af völdum SIADH – of mikill styrkur hormónsins vasópressíns).
- húð- og varakrabbamein (húðkrabbamein sem ekki er sortuæxli).
- sjónsviðsskerðing eða verkur í augunum vegna aukins þrýstings (hugsanleg einkenni vökvasöfnunar í æðu (choroidal effusion) eða bráðrar þrönghornsláku).

Samsafn einkenna sem geta falið í sér sum eða öll eftirfarandi einkenni geta komið fyrir: hiti, bólga í slímhúð, bólga í æðum, vöðvaverkir, liðverkir, liðkvillar, jákvætt ANA (próf notað til að ákvarða hvort að einstaklingur er með sjálfsnæmissjúkdóm), hækkað sökk, breytingar á fjölda blóðfrumna. Útbrot, ljósnæmi eða önnur einkenni frá húð geta komið fyrir.

Hættu að nota Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka og hafðu strax samband við lækinn ef þú finnur fyrir bólgu í andliti, vörum, tungu og/eða hálsi sem getur valdið erfiðleikum með að kyngja eða anda. Þú verður einnig að hafa samband við lækinn ef þú færð bólgu í hendur, fætur eða ökkla eða ef þú færð ofsakláða.

Tilkynning aukaverkana

Látid lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður lyfsins.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka inniheldur

- Virku innihaldsefnin eru enalapril maleat og hydrochlorthiazid. Hver tafla inniheldur 20 mg af enalapril maleati, sem jafngildir 15,29 mg af enapril og 12,5 mg af hydrochlorthiazidi.
- Önnur innihaldsefni eru natríumvetniskarboxínat, laktósa einhýdrat, maíssterkja, forhleypt sterkja, talkúm og magnesíum sterat. Sjá kafla 2 „Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka inniheldur mjólkursykur (laktósa) og natríum“.

Lýsing á útliti Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka og pakkningastærðir

Enalapril-Hydrochlorthiazid Krka töflur eru kringlóttar, hvítar og flatar. Þær eru með skoru á annarri hliðinni og með skásniðnum brúnum.

Deiliskoran er eingöngu til þess að hægt sé að skipta töflunni svo auðveldara sé að kyngja henni en ekki til þess að skipta henni í jafna skammta.

Pakkningastærðir: 28, 30, 98, 100, 110 og 120 töflur.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi

KRKA, d.d., Novo mesto,
Šmarješka cesta 6,
8501 Novo mesto,
Slóvenía

Framleiðandi

KRKA, d.d., Novo mesto, Šmarješka cesta 6, 8501 Novo mesto, Slóvenía

Vinsamlega hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa ef óskað er frekari upplýsinga um lyfið

LYFIS ehf.

Sími: 534 3500

Netfang: lyfis@lyfis.is

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í maí 2025.